



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2023

2303023SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka, 85. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviðið Alþingis, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka, 85. mál.

Þingsályktunin gerir ráð fyrir að Alþingi feli dómismálaráðherra að skipa starfshóp um úttekt á aðstöðu til umönnunar og geymslu líka, aðgengi að líkhúsum eða viðeigandi húsnæði, regluverki þar að lútandi og mögulegum úrbótum á núverandi lagaumhverfi. Starfshópurinn kortleggji stöðu þessara mála á landsvísu og skili Alþingi skýrslu fyrir 1. maí 2023.

Afstaða sambandsins

Sambandið óskaði eftir ábendingum frá landshlutasamtökunum um hvernig stöðunni varðandi umönnun og geymslu líka væri háttað um landið. Miðað við þær upplýsingar sem fengust er ljóst að staðan er mjög misjöfn milli landshluta. Þá virðist sem lagaumhverfið sé ekki skýrt um hver ber ábyrgð á því að tryggja viðunandi stöðu og í einhverjum tilfellum er verið að kalla eftir fjármunum frá sveitarfélögum í þeim efnum, án þess að fyrir því sé lagastoð.

Sambandið tekur undir það sem segir í skýringum með þingsályktuninni að aðgengi að umönnun látinna og geymslu líka sé hluti af sjálfsagðri þjónustu sem aðstandendur látinna reiði sig á. Mikilvægt er að tryggja að slík þjónusta sé aðgengileg um allt land enda yfirlýst stefna bæði Alþingis, m.a. í gegnum byggðaáætlun, og sambandsins, í ljósi stefnumótunar þess, að nauðsynleg þjónusta sé aðgengileg um allt land. Sambandið styður því þingsályktunina, hvetur Alþingi til að samþykkja hana og minnir á mikilvægi þess að fulltrúar sveitarfélaga eigi aðkomu að starfshópnum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs